# UMFÍ

## 49. SAMBANDSÞING

UMFÍ 49. SAMBANDSÞING 2015



LEIKUR ÁN FORDÓMA
442

# EFNISYFIRLIT

ÁVARP FORMANNS....4
STJÓRN UMFÍ....6
ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ....7
STARFSFÓLK....8
39. SAMBANDSRÁÐSFUNDUR....11
STEFNUMÓTUN....11
UNGLINGALANDSMÓT....13
LANDSMÓT 50+....15
LAUGAR....17
EVRÓPA UNGA FÓLKSINS....19
HREYFIVIKA....21
FORVARNIR & LÝÐHEILSA....23
ÖNNUR STARFSEMI....25
ERLEND SAMSKIPTI....27
NEFNDIR....29
SKÝRSLUR NEFNDA....30
MINNING....33
LOTTÓ....35
HEIÐRANIR....39
VIÐURKENNINGAR....43
SJÓÐIR UMFÍ....45
LÖG UMFÍ....47
ÁRSREIKNINGUR....51
SAMBANDSAÐILAR....62



# ÁVARP FORMANNS UMFÍ



Ágætu ungmennafélagar.

Þið hafið í höndunum ársskýrslu UMFÍ þar sem forysta UMFÍ gerir grein fyrir hvernig starfseminni hefur verið háttað stjórnartímabilið 2013 – 2015.

Við lestur skýrslunnar má sjá að verkefnin hafa verið fjölbreytt, þau hafa fengið góðar undirtektir og þátttaka í þeim verið mikil.

Eins og svo oft áður eru landsmótin okkar áberandi og stór verkefni sem borin eru uppi af þeim sem taka þátt, áhorfendum og þeim fjölda sjálfboðaliða sem undirbúa og framkvæma mótin.

Undanfarin ár og þá sérstaklega sl. tvö ár hefur mikil umræða farið fram á vettvangi okkar um landsmótin og eru misjafnar skoðanir meðal félaga. Þau sjónarmið sem hvað mest eru uppi um breytingar snerta Landsmótið okkar sem haldið er fjórða hvert ár. Eins hafa heyrst raddir um að Landsmót UMFÍ 50+ eigi að vera fyrir 40+ og jafnvel að fella það inn í Landsmótið þau ár sem það er haldið. Hvað sem hverjum finnst er ljóst að umræðuna þarf að taka og hreyfingin þarf að ákveða hvernig hún vilji hafa fyrirkomulag landsmóta. Vonandi fáum við góða umræðu hér á þinginu um mótin sem nýtist okkur inn í stefnumörkun framtíðarinnar.

Við héldum Landsmót UMFÍ 50+ á Húsavík og Blönduósi og Unglingalandsmót á Sauðárkróki og Akureyri. Mikil ánægja var almennt með mótin meðal þátttakenda og andinn góður. Mótin heppnuðust vel og þátttakan í þeim var góð. Hins vegar komu fram athugasemdir við púttvellina bæði á Húsavík og Blönduósi og við tjaldsvæðið á Akureyri. Eins voru ekki allir sáttir við að Unglingalandsmótið á Akureyri væri haldið í samstarfi við bæjarhátíðina „Eina með öllu". Því miður hafa bæjarhátíðir á Íslandi fengið á sig neikvæða gagnrýni sem tengist neyslu áfengis og annarra fíkniefna og því fannst stjórn UMFÍ það vera ögrandi verkefni og tilraunarinnar virði að halda Unglingalandsmót, sem er forvarnahátíð ásamt því að vera fjölskyldu- og íþróttahátíð, á sama tíma og slík hátíð væri haldin. Þegar á allt er litið erum við ánægð með hvernig til tókst þó að alltaf megi tína til atriði sem betur máttu fara.

Næsta Landsmót UMFÍ 50+ verða haldin á Ísafirði í sumar og í Hveragerði 2017. Á báðum þessum stöðum er góð aðstaða til að halda slík mót og verður spennandi að upplifa þau.

Næstu Unglingalandsmót verða haldin í Borgarnesi um næstu verslunarmannahelgi, á Egilsstöðum 2017, en það mót er jafnframt 25 ára afmælismót unglingalandsmóta, og í Þorlákshöfn 2018. Þessir staðir eiga það sameiginlegt að aðstaða til íþróttakeppni er góð en tjaldstæðamál þarf að bæta.

Næsta Landsmót UMFÍ skal halda 2017 og sú sérkennilega staða er uppi að enginn sambandsaðili hefur sótt um mótið sem er áhyggjuefni. Hver ástæðan fyrir þessu áhugaleysi er vitum við ekki en hugsanlega hefur umræðan innan hreyfingarinnar, um að breyta þurfi mótinu frá því sem nú er, þar áhrif og gerir það að verkum að sambandsaðilar treysta sér ekki til að sækja um mótið. Einn sambandsaðili hefur hins vegar haft samband eftir að umsóknarfrestur rann út og er tilbúinn að ræða við forystu UMFÍ um að halda mótið.

Auk landsmótanna voru unnin ýmis verkefni á sviði fræðslumála, forvarna, heilsueflingar og íþrótta, störf stjórnarmanna Ungmennafélags Íslands, héraðssambanda og einstakra félaga og þeirra sem unnið hafa að margvíslegum verkefnum og setið í nefndum og ráðum svæðisbundið eða á landsvísu.

Frá síðasta þingi hefur Ungmennafélag Íslands lagt sérstaka áherslu á að standa vörð um það starf sem lýtur að ungmennum og æsku landsins og er það mat okkar að þar hafi tekist vel til. Ungmenna- og tómstundabúðirnar á Laugum, Unglingalandsmótin, ungmennaráð, ungmennavikur, íþróttalýðháskólar í Danmörku, seta í nefndum hreyfingarinnar, ráðstefnur, námskeið og fræðsla um félagsmál, lýðræðislega vitund, mannréttindi, forvarnir og sjálfboðaliðastörf eru dæmi um verkefni sem ungu fólki hefur boðist að taka þátt í og hefur þátttakan verið góð.

Í forvörnum hefur UMFÍ tekið þátt í undirbúningi og framkvæmd forvarnadags forseta Íslands, við tókum þátt í ráðstefnum og fundum um forvarnamál, útbjuggum skilti þar sem tekið er fram að neysla áfengis og tóbaks sé ekki leyfð í og við íþróttamannvirki og sveitarfélög geta fengið, annað skilti þar sem tekið er fram að foreldrar séu fyrirmyndir og skuli sýna góða hegðun á íþróttamótum barna sinna, og forvarnastefnu Ungmennafélags Íslands var dreift.

Frjálsíþróttaskóli Ungmennafélags Íslands var haldinn í umsjón nokkurra héraðssambanda og var þátttaka góð. Skólinn er í sífelldri þróun og er stefnt að því að hann verði starfræktur áfram. Þegar farið var af stað með skólann á sínum tíma var það gert í samstarfi við Frjálsíþróttasamband Íslands en lítið hefur borið á því samstarfi undanfarin ár. Forysta FRÍ hefur hins vegar lýst yfir áhuga á frekara samstarfi við UMFÍ og verður það skoðað með jákvæðum hætti.

Í fræðslumálum hefur áherslan verið á félagsmálanámskeiðin „Syndu hvað í þér býr" og námskeið, ráðstefnur og önnur sameiginleg verkefni sem lúta að hagsmunum barna og ungmenna sem hafa verið haldin á vegum Æskulýðsvettvangsins sem UMFÍ er aðili að. Meðal verkefna, sem vettvangurinn hefur unnið að og eru komin til framkvæmda, eru eineltisáætlun, siðareglur og fagráð gegn einelti og gegn kynferðislegri misnotkun.

Ungmennaráð hefur verið starfandi innan Ungmennafélags Íslands í nokkur ár og hefur starfsemi þess aukist ár frá ári. Í ráðinu situr kraftmikið og hugmyndaríkt ungt fólk sem hefur staðið fyrir ýmsum uppákomum og viðburðum, m.a. ráðstefnunni „Ungt fólk og lýðræði" með stuðningi Evrópu unga fólksins og Æskulýðssjóðs ríkisins, vímuefnalausum skemmtihelgum og ungmennaviku NSU. Ráðið hefur einnig átt fulltrúa í nefndum hjá Ungmennafélagi Íslands og þannig haft áhrif á starfsemi hreyfingarinnar er varðar ungt fólk.

Evrópa unga fólksins (EUF), verkefni á vegum Evrópusambandsins, sem UMFÍ heldur utan um fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytisins, hefur verið góð viðbót við starfsemi hreyfingarinnar. Verkefnið býður upp á fjölmarga möguleika

fyrir ungt fólk og er ánægjulegt að sjá að hreyfingin er farin að nýta sér það sem þar er í boði. Ný áætlun tók gildi 2014 sem nær til ársins 2020 og ber heitið Erasmus+. Þessi áætlun sameinar ungmenna-áætlunina og menntaáætlunina og til viðbótar kemur íþróttaáætlun. Stjórn UMFÍ sótti um og fékk styrk í Erasmus+ til að fara í fræðsluferð með forystufólk úr ungmennafélagshreyfingunni erlendis. Fyrir valinu varð að heimsækja vini okkar hjá DGI í Danmörku þar sem fræðst var um það sem þeir eru að gera og komið á auknum tengslum á milli hreyfinganna. Í framhaldi af ferðinni okkar kom síðan forysta DGI til Íslands, hélt stjórnarfund og tók þátt í og upplifði Unglingalandsmótið á Akureyri.

Almenningsíþróttir hafa átt sinn sess í starfsemi Ungmennafélags Íslands og eru margir sem nýta sér þau verkefni sem Ungmennafélag Íslands hefur á boðstólum. Þau verkefni sem hafa verið í gangi eru Fjölskyldan á fjallið, göngubókin Göngum um Ísland og Move Week, hreyfivika UMFÍ sem er alþjóðlegt verkefni sem unnið er með sambands-aðilum og sveitarfélögum og ætlað er til að fá fólk til að auka hreyfingu og breyta lífsstíl. Sprenging varð í þátttöku hreyfivikunnar í ár og gaman að sjá hversu fjölbreyttar dagskrárnar voru.

Umhverfismálin skipuðu ekki eins stóran sess í starfi hreyfingarinnar síðustu tvö árin og þau hafa gert stundum áður. Mikill tími fór hjá umhverfis-nefnd í að búa til starfsreglur/lýsingu nefndarinnar. Skinfaxi, hið aldna og merkilega málgagn hreyfingar-innar, var gefið út í átta tölublöðum auk sérstakra blaða sem gefin voru út í tengslum við Landsmót UMFÍ 50+ og Unglingalandsmót.

Málefni eldri ungmennafélaga hafa verið okkur hugleikin og höfum við átt gott samstarf við félag áhugafólks um íþróttir aldraðra (FÁÍA) í gegnum árin. Hefur þessi aldurshópur mikinn áhuga á að þróa starfið áfram í anda UMFÍ, allir með.

Ungmenna- og tómstundabúðirnar á Laugum njóta mikilla vinsælda og hefur aðsóknin aukist jafnt og þétt. Nú er svo komið að farið er að bóka í búðirnar með árs fyrirvara. Búðirnar taka þátt í verkefni Landlæknisembættisins, „Heilsueflandi skóli", og verkefni Landverndar, „Grænfáninn".

Fyrirtækin okkar Íslensk Getspá og Getraunir hafa dafnað vel og skilað eignaraðilum sínum góðum tekjum í gegnum tíðina. Það er okkar að standa vörð um þessi ágætu fyrirtæki okkar og við megum aldrei slá slöku við að segja frá eignarhaldi okkar þegar hinir ýmsu hópar í þjóðfélaginu eru að reynaað fá hlutdeild í afkomu þeirra.

Fyrir þessu þingi liggur tillaga frá milliþinganefnd á vegum stjórnar um aðild íþróttabandalaga að UMFÍ. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar frá stjórn UMFÍ, sambandsaðilum og íþróttabandalögunum. Nefndin hefur lagt mikla vinnu í að skoða kosti og galla aðildar og með hvaða hætti hún sé möguleg. Við skulum ræða aðildina á faglegum nótum og taka upplýsta ákvörðun um hana þannig að sómi sé að.

Í mars á síðasta ári var gengið frá sölu á Þrastalundi. Væntum við þess að það mál verði endanlega uppgert fyrir lok þessa árs en nokkrir hnökrar eru enn á lyktum sölunnar.

Stjórn Ungmennafélags Íslands ákvað að fara í greiningarvinnu á UMFÍ þar sem skoðað væri hvert væri hlutverk UMFÍ, hvernig væri verið að mæta því hlutverki, verkefni UMFÍ og á grundvelli þessarar greiningarvinnu skal móta framtíðarsýn UMFÍ til næstu 10 ára. Við þurfum að komast upp úr hjólförunum sem við höfum verið föst í um allt of langan tíma, horfa til framtíðar og saman þurfum við að leggja okkar af mörkum við uppbygginguna sem ein heild fyrir alla. Þar er ungmennafélagshreyfingin sterkt afl við að móta hugarfarslega og félagslega þætti með lýðræði hinna frjálsu félagasamtaka að vopni, hvort heldur um er að ræða uppeldi iðkenda eða árangur þeirra í íþróttum og félagsstarfi.

Greiningarvinnan er unnin af stjórn og starfs-mönnum og fólki úr grasrót UMFÍ og er handleidd af Hákoni Gunnarssyni, ráðgjafa hjá Gekon. Stjórn setti sér það markmið að leggja stefnumótunina fyrir þetta þing en því miður tekst það ekki. Hins vegar verður greinargerð með kynningu á vinnunni hingað til hér á þinginu. Markmið stjórnar er að stefnan liggi fyrir á Sambandsráðsfundi UMFÍ 2016.

Breytingar urðu í starfsmannahópi Ungmenna-félags Íslands á þessu ári. Sæmundur Runólfsson lét af starfi framkvæmdastjóra en því hafði hann





gegnt í meira en tvo áratugi og við tók Auður Inga Þorsteinsdóttir sem áður starfaði sem framkvæmda-stjóri Gerplu. Um leið og við færum honum bestu þakkir fyrir störfin í þágu hreyfingarinnar óskum við honum velfarnaðar á nýjum vettvangi og bjóðum Auði Ingu hjartanlega velkomna til starfa.

Einnig var ráðið í starf landsfulltrúa UMFÍ. Við því starfi tók Ragnheiður Sigurðardóttir og er hún boðin velkomin til starfa.

Að lokum vil ég fyrir hönd stjórnar Ungmenna-félags Íslands þakka ungmennafélögum og öllu því fólki sem hefur lagt okkur lið með einum eða öðrum hætti fyrir framlag þess til hreyfingarinnar. Ég vil þakka stjórn, framkvæmdastjórum og öðru starfsfólki UMFÍ fyrir vel unnin störf. Opinberum aðilum, sveitarstjórnum, fyrirtækjum og öðrum þeim sem hafa styrkt okkur á árinu færi ég hjartans þakkir fyrir stuðninginn.

Ég hvet okkur öll til að sameinast um að tala upp starfið og hafa gleðina með í för. Við skulum laða til okkar það góða þrátt fyrir erfiðleika öðru hverju. Verum óþreytt við að tala um og segja frá því mikil-væga starfi sem við erum að vinna. Þó að ráðist sé að okkur úr ýmsum áttum, skulum við ekki láta deigan síga heldur þjappa okkur saman og bera höfuðið hátt.

Höfum að leiðarljósi að láta kappið aldrei bera fegurðina ofurliði, láta aldrei ófögur orð eða rifrildi skemma starfið, vinnum aldrei með röngu eða ódrengilegu bragði, munum ávallt eftir því að starfið er ekki aðeins stundargaman, heldur er það til þess að gera okkur betri, göfugri, heiðarlegri og manneskjulegri með hverju verkefni.

Við getum verið stolt af störfum okkar og starf-seminni allri. Innan hreyfingarinnar eru unnin frábær störf og ég er stolt af því að vera hluti af þeim hópi og vonast til að eiga áfram gott samstarf og góð samskipti við ykkur öll á komandi starfs-tímabili. Íslandi allt

Helga G. Guðjónsdóttir formaður

# STJÓRN UMFÍ 2013-2015



Helga G. Guðjónsdóttir
**Formaður**



Haukur Valtýsson
**Varaformaður**



Örn Guðnason
**Ritari**



Helga Jóhannesdóttir
**Gjaldkeri**



Hrönn Jónsdóttir
**Meðstjórnandi**



Björg Jakobsdóttir
**Meðstjórnandi**



Gunnar Gunnarsson
**Meðstjórnandi**



Ragnheiður Högnadóttir
**Varastjórn**



Baldur Daníelsson
**Varastjórn**



Kristinn Óskar Grétuson
**Varastjórn**



Eyrún Harpa Hlynsdóttir
**Varastjórn**

# ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ UMFÍ

Þjónustumiðstöð Ungmennafélags Íslands er í Sigtúni 42 í Reykjavík. Í þjónustumiðstöðinni er haldið utan um starf UMFÍ og veitt ýmis þjónusta við aðildarfélögin og félagsmenn. Þar er einnig aðstaða til fundarhalda sem er nýtt af hinum ýmsu nefndum til nefndarstarfa, funda o.fl. Í Þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík starfa Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, Helgi Gunnarsson, fjármálastjóri UMFÍ, Jón Kristján Sigurðsson, ritstjóri og kynningarfulltrúi UMFÍ, Sabína St. Halldórsdóttir, landsfulltrúi UMFÍ, Ragnheiður Sigurðardóttir, landsfulltrúi UMFÍ og Guðbirna K. Þórðardóttir, skrifstofustjóri UMFÍ. Ungmennafélag Íslands rekur þjónustumiðstöð að Víðigrund 5 á Sauðárkróki. Þar starfar Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúi UMFÍ.

Ungmennafélag Íslands rekur einnig skrifstofu Evrópu unga fólksins í þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík og starfa þar Anna R. Möller, forstöðumaður EUF, Hjörtur Ágústsson kynningarfulltrúi og Helga Dagný Árnadóttir verkefnastjóri.

Anna Margrét Tómasdóttir er forstöðumaður Ungmenna- og tómstundabúða UMFÍ að Laugum í Sælingsdal. Sjö tómstundaleiðbeinendur eru að störfum en þau eru; Jörgen Nilsson, Gunnar Már Gunnarsson, Hrönn Jónsdóttir, Bryndís Soffía Jónsdóttir, Thomas Moore, Richard Graf Von Matuschka, Kay Schlutter. Aðrir starfsmenn eru; Marta Sigurðardóttir matráður, Gunnar Már Leifsson, umsjónarmaður Sælingsdalslaugar og húsvörður, Birgitta Ósk Tómasdóttir eldhús, ræsting og baðvarsla.

Landssamband eldri borgara er með aðsetur í þjónustumiðstöð UMFÍ. Haukur Ingibergsson er formaður LEB. Fræðsla og forvarnir er einnig með aðsetur í Þjónustumiðstöð UMFÍ og þar starfa Árni Einarsson framkvæmdastjóri og Guðni Björnsson verkefnastjóri.

## SÆMUNDUR RUNÓLFSSON

lét at störfum sem framkvæmdastjóri Ungmennafélags Íslands þann 30. apríl sl. eftir ríflega 23 ára starf. Sæmundur tók til starfa sem framkvæmdastjóri þann 1. janúar árið 1992. Hann hafði áður setið í stjórn UMFÍ 1985-1991 og verið framkvæmdastjóri Landsmóts UMFÍ í Mosfellsbæ árið 1990. Sæmundur hefur gegnt fjölmörgum öðrum trúnaðarstörfum á vegum ungmennafélagshreyfingarinnar. Hann var meðal annars formaður UMF Drangs í Vík 1977–1983, sat í stjórn Íslenskra getrauna 1992–2009, íþróttanefnd ríkisins 1992–2004 og í stjórn ISCA (International Sport and Culture Association) 1999–2011. Stjórn UMFÍ þakkar Sæmundi fyrir langt og farsælt starf í þágu hreyfingarinnar. Hann er kröftugur og ósérhlífinn einstaklingur sem ávallt hefur verið til taks fyrir ungmennafélagshreyfinguna og haft hagsmuni hennar að leiðarljósi.





Sæmundur Runólfsson



# STARFSFÓLK LAUGA

# STARFSFÓLK



Auður Inga Þorsteinsdóttir
**Framkvæmdastjóri**



Helgi Gunnarsson
**Fjármálastjóri**



Ómar Bragi Stefánsson
**Landsfulltrúi**



Ragnheiður Sigurðardóttir
**Landsfulltrúi**



Sabína Steinunn Halldórsdóttir
**Landsfulltrúi**



Jón Kristján Sigurðsson
**Ritstjóri, kynningarfulltrúi**



Guðbirna K. Þórðardóttir
**Skrifstofustjóri**



Anna R. Möller
**Forstöðumaður EUF**



Helga Dagný Árnadóttir
**Verkefnastjóri EUF**



Hjörtur Ágústsson
**Kynningarfulltrúi EUF**


NORDIC SPORT.COM

## 39. SAMBANDS-RÁÐSFUNDUR UMFÍ

Ungmennafélag Íslands hélt 39. sambandsráðsfund sinn 11. október 2014 í Stjörnuheimilinu í Garðabæ. Góð mæting var á fundinum og umræður líflegar. Í setningarræðu sagði Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ, að á liðnu starfsári hefði verið unnið að mörgum verkefnum innan hreyfingarinnar, þau þróuð og endurbætt í takt við tíðarandann og þarfir samfélagsins. Verkefnin hafi fengið góðar undirtektir og þátttakan í þeim verið góð. Helga Guðrún fór yfir helstu verkefni síðasta starfsárs og sagðist fyrir sína hönd og stjórnar UMFÍ vilja þakka ungmennafélögum og öllu því góða fólki sem hefur lagt hreyfingunni lið með einum og öðrum hætti. Helga Jóhannsdóttir, gjaldkeri UMFÍ, fór yfir reikninga ársins 2013 en niðurstaða þeirra sýndi mjög góða afkomu hreyfingarinnar. Einnig fór hún yfir m.a. sölu veitingahússins í Þrastalundi en sala þess var heimiluð á sambandsþingi UMFÍ 2013. Þá voru á fundinum kynnt störf vinnuhóps vegna umsóknar íþróttabandalaga að UMFÍ frá sambandsþingi 2013. Samþykkt var að halda vinnunni áfram og kynna málið vel fyrir sambandsaðilum UMFÍ. Einnig voru kynntar tillögur að breytingum á landsmóti UMFÍ sem unnar voru út frá stefnumótunarfundum. Ákveðið var að afgreiða tillögurnar ekki en leggja þær í staðinn fyrir sambandsaðila til umfjöllunar í héraði. Á fundinum tók Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður Stjörnunnar, við viðurkenningu frá formanni UMFÍ til félagsins fyrir glæsilegt starf og góðan árangur.

## STEFNUMÓTUNARVINNA UMFÍ

Á vormánuðum var hafist handa við stefnumótun UMFÍ þar sem skipulagðar og kerfisbundnar aðferðir eru notaðar við að marka stefnuna til framtíðar. Aðferðirnar byggja m.a. á greiningu á núverandi stöðu, reynt er að greina styrkleika og veikleika með það að markmiði að styrkja framtíðarstöðu hreyfingarinnar.

Hákon Gunnarsson hjá fyrirtækinu Gekon var ráðinn til að hafa yfirumsjón með verkinu. Fyrst var unnið með stjórn og starfsfólki í einni málstofu, en síðar voru stofnaðir sérstakir starfshópar um einstök verkefni og fengnir fleiri aðilar úr hreyfingunni til að leggja hönd á plóg. Eftirtaldir starfshópar voru settir á fót og starfa þeir hver í sínu lagi:

**1. Ímynd & vörumerki**
**2. Vöruþróun**
**3. Landsmót**
**4. Fræðsla**
**5. Þjónustumiðstöð**

Miklar vonir eru bundnar við afrakstur stefnumótunarvinnunnar. Stefnt er að því á komandi ári að hefjast handa við að hrinda nýjum hugmyndum í framkvæmd og vinna samkvæmt niðurstöðum þessarar stefnumótunarvinnu.

# UMFÍ

# 29

# SAMBANDSAÐILAR

# 138.159

# FÉLAGSMENN

↑ 7% FRÁ 2013

53% 47%


1098
875

# UNGLINGALANDSMÓT 2015

## 18. UNGLINGALANDSMÓT UMFÍ Á AKUREYRI

Mótið var haldið á Akureyri um verslunarmannahelgina. Mótshaldari var UFA (Ungmennafélag Akureyrar) en á undirbúningsferlinu kom ÍBA (Íþróttabandalag Akureyrar) kröftuglega að verkefninu og varð sameiginlegur mótshaldari ásamt UFA. Undirbúningur mótsins hófst af krafti á haustdögum 2014. Skipuð var unglingalandsmótsnefnd með fulltrúum frá UFA, ÍBA, Akureyrarbæ og UMFÍ. Formaður nefndarinnar var kjörinn Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri á Akureyri. Aðrir í nefndinni voru: Birgitta Guðjónsdóttir, Björn Snær Guðbrandsson, Ellert Örn Erlingsson, Geir Kristinn Aðalsteinsson, Gunnar Gíslason, Gyða Árnadóttir, Haukur Valtýsson, Ingibjörg Isaksen, Katrín Ásgrímsdóttir, Magnús Arnar Arnarson, Sigurður Magnússon og Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir.

Fyrstu verkefni nefndarinnar voru að ákveða keppnisgreinar og staðsetningu þeirra ásamt því að fá sérgreinastjóra til að halda utan um hverja og eina keppnisgrein. Nefndin lagði áherslu á að hafa sem flestar íþróttagreinar sem stundaðar voru á Akureyri sem keppnisgreinar á mótinu enda bæði glæsileg íþróttamannvirki og góð keppnisaðstaða til staðar. Hinsvegar lá það fyrir að keppnisgreinar yrðu nokkuð dreifðar um Akureyri og töluverður spölur á milli þeirra.

Ákveðið var að hafa tjaldsvæðið á svokölluðum Rangárvöllum. Svæðið er ekki það besta sem gestir mótanna hafa fengið til afnota en Akureyrarbær lagði sig fram um að gera svæðið svo vel úr garði sem kostur var.

Nú sem fyrr stýrði Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúi UMFÍ, undirbúningi og framkvæmd mótsins. Gengið var til samstarfs við Viðburðastofu Norðurlands til að sjá um og stýra ákveðnum tilgreindum verkefnum. Einnig hélt Ingólfur Sigfússon utan um skráningarkerfi mótsins, úrslit og heimasíðu að nokkru leyti.

Fjármögnun mótsins tók lengri tíma en ráð var fyrir gert og hafði það áhrif á undirbúning mótsins og kynningarmál. Engu að síður náðist að sækja fjármagn til góðra styrktaraðila þó svo það væri ekki alveg það sem áætlun gerði ráð fyrir.

Keppnisgreinarnar voru alls 27 talsins: Badminton, boccia, bogfimi, borðtennis, fimleikar, fjallahjólreiðar, frjálsíþróttir, glíma, golf, götuhjólreiðar, handbolti, hestaíþróttir, knattspyrna, körfubolti, listhlaup á skautum, lyftingar, motocross, parkour, pílukast, siglingar, skák, stafsetning, strandblak, sund, taekwondo, tölvuleikur og upplestur.

Keppnin hófst á fimmtudegi með keppni í golfi en síðan fór hver greinin af stað á fætur annarri. Allt keppnishaldið fór vel fram en nokkrir hnökrar urðu á skipulaginu og þá sérstaklega vegna fjarlægðar á milli keppnissvæða.

Afþreyingarþáttur mótsins var mjög fjölbreyttur og þar komu fram fleiri listamenn en nokkru sinni áður. Dagskrá var í tjaldi mótsins á kvöldin auk þess sem fjölbreytt dagskrá var allan daginn um allan bæ og á mótssvæðum.

Mótssetningin var hefðbundin og fór fram á Þórsvellinum á föstudagskvöldið. Keppendur gengu inn fylktu liði með fána sína og í kjölfarið var hátíðarfáni UMFÍ dreginn að húni og ungir iðkendur kveiktu landsmótseldinn. Einnig voru tónlistaratriði og fimleikasýning á setningunni sem tókst með ágætum.

Mótsslitin fóru fram á sunnudagskvöldið og var dagskráin sameiginleg með hátíðinni Ein með öllu sem var á Akureyri þessa sömu helgi. Dagskrá okkar varð nokkuð öðruvísi en vant er sökum þessa en mikill mannfjöldi fylgdist með þetta kvöld.

Fyrirmyndarbikar UMFÍ að þessu sinni hlaut HSK.



**Aldursskipting þátttakenda á ULM 2015**




**Þátttaka drengja og stúlkna eftir mótum**




**Fjölmennustu skráningarnar s.l. 5 ár**




251
119

# LANDSMÓT 50+ 2015

## LANDSMÓT UMFÍ 50+ 2015 Á BLÖNDUÓSI

Mótið var að þessu sinni haldið á Blönduósi í umsjón USAH (Ungmennasambands Austur- Húnvetninga). Undirbúningsvinna fór fyrir alvöru af stað seinni part ársins 2014 en þá var landsmótsnefnd skipuð. Nefndin samanstóð af fulltrúum frá USAH, Blönduósi, UMFÍ og eldri ungmennafélögum. Einar Kristján Jónsson var skipaður formaður nefndarinnar. Aðrir sem tóku sæti í nefndinni voru: Rannveig Lena Gísladóttir, Lárus Ægir Guðmundsson, Pétur Pétursson, Aðalbjörg Valdimarsdóttir, Guðrún Guðbjörnsdóttir, Steindór Haraldsson, Valgarður Hilmarsson, Magnús Guðmannsson, Flemming Jessen og Hrönn Jónsdóttir.

Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúi UMFÍ, stýrði undirbúningi og framkvæmd mótsins í fyrsta skipti og hafði sér við hlið Flemming Jessen sem ráðinn var verkefnastjóri og einnig Halldór Lárusson sem var í starfsnámi í viðburðastjórnun. Ingólfur Sigfússon sá um skráningarkerfið og utanumhald úrslita á mótinu.

Fjármögnun mótsins gekk frekar seint en að lokum náðust nokkuð þau markmið sem sett voru í upphafi.

Mótið hófst föstudaginn 26. júní og því lauk sunnudaginn 28 .júní. Veðurguðirnir léku við mótsgesti alla helgina en mjög gott veður var alla mótsdagana.

Keppnisgreinar á mótinu voru eftirfarandi: Boccia, bridds, dráttarvélaakstur, frjálsíþróttir, golf, hestaíþróttir, lomber, pútt, ringó, skák, starfshlaup, stígvélakast og sund. 370 keppendur mættu til leiks, 251 karl og 119 konur. Fjölmennasta keppnisgreinin var boccia en 107 einstaklingar tóku þátt í þeirri keppni.

Mótssetning var á föstudagskvöldi og fylltu mótsgestir Félagsheimilið á Blönduósi. Mjög skemmtileg stemmning myndaðist á setningunni og þar var bæði sungið og dansað. Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, Helga Guðrún Guðjónsdóttir, Einar Kristján Jónsson og Haukur Ingibergsson fluttu ávörp á setningarathöfninni sem tókst með ágætum.

Á mótinu var í samstarfi við Heilbrigðisstofnunina á Blönduósi boðið upp á heilsufarsmælingar sem mæltist vel fyrir. Á laugardagskvöldið safnaðist fjöldi fólks við Blöndu og söng saman við undirleik heimamanna í veðurblíðu.

Allt keppnishaldið gekk mjög vel og ánægja skein úr hverju andliti. Umgjörð mótsins var mjög góð og öll dagskráin gekk samkvæmt áætlun.







# LAUGAR

## UNGMENNA- & TÓMSTUNDABÚÐIR

Starf Ungmennabúðanna að Laugum veturinn 2014–2015 var viðburðaríkt og skemmtilegt. Nær 2000 nemendur komu á Laugar og almenn ánægja og gleði var með ferðirnar. Utan hefðbundinna skólahópa fengum við erlendan skólahóp sem kemur einu sinni á vetri. Þá standa sóknarprestar á Vesturlandi fyrir árlegum fermingarbúðum sem orðnar eru fastur liður á Laugum. Ungt fólk og þjálfarar á vegum Evrópu unga fólksinsverkefnisins hafa einnig dvalið á Laugum og eru þær heimsóknir alltaf ánægjulegar. Sjálfboðaliðar á vegum Seeds-samtakanna dvöldu á Laugum í rúmar þrjár vikur sumarið 2014 og tvær vikur sumarið 2015. Sjálfboðaliðarnir komu frá hinum ýmsu löndum og unnu að því að merkja gönguleiðirnar á Laugum og að byggja upp þrautabrautina í Lillulundi, sem nýtt er af nemendum Ungmennabúðanna og öðrum gestum. Síðastliðið haust var haldin ráðstefna á Laugum á vegum Samtaka náttúru– og útiskóla (SNÚ). Tilgangur samtakanna er að stuðla að eflingu náttúru- og útináms á Íslandi og því voru Laugar tilvalinn staður fyrir ráðstefnuna. Ráðstefnan var styrkt af EUF og heppnaðist hún vonum framar. Í janúar 2015 fögnuðu Ungmenna- og tómstundabúðirnar tíu ára afmæli. Húsið fylltist af góðum gestum, nágrönnum, nærsveitungum og samstarfsfólki. Gaman var fyrir gesti að heyra frá starfinu í búðunum og hvernig það hefur þróast í áranna rás. Dagurinn var hátíðlegur og var starfsfólk búðanna snortið yfir hve margir gerðu sér ferð til að fagna afmælinu.

Jörgen Nilson, starfsmaður Ungmennabúðanna til margra ára, fór sumarið 2015 og dvaldi í Camp Adventure, ævintýrabúðum fyrir unglinga í Þýskalandi og Írlandi. Hann kom til baka reynslunni ríkari og með margar nýjar hugmyndir fyrir búðirnar sem auðgað geta starfið með unglingunum. Starfsveturinn 2015–2016 er hafinn og tveir skólahópar hafa komið að Laugum síðan búðirnar opnuðu eftir sumarfrí. Starfsmannamál fyrir veturinn eru með svipuðu sniði og verið hefur, utan þess að erlendir sjálfboðaliðar frá Camp Adventure með gríðarlega reynslu af að vinna í búðum, eru komnir á Laugar og munu aðstoða leiðbeinendur við það góða starf sem hér er unnið. Þeir tveir sem þegar eru komnir sönnuðu sig strax með fyrsta hópi og falla vel inn í lífið á Laugum. Von er á nokkrum til viðbótar. Tekin var sú ákvörðun að stefna að frekari útiveru í búðunum með unglingunum og því eru núna fleiri námskeið utandyra og gengið með þeim yfir að Hólum, sveitabæ sem stendur á Fellsströnd. Gangan er um 5 km í heildina og á sveitabænum eru nemendur kynntir fyrir dýrunum sem þar eru. Ferðin hefur lagst vel í nemendur og spennandi verður að fylgjast með þróun hennar í vetur. Helgarhópar sækjast í auknum mæli eftir að fá á leigu aðstöðuna á Laugum. Starfsfólk Ungmennabúðanna hefur reynt að mæta þörfum allra hópanna til að aðstaðan nýtist þeim sem best og allir fari sáttir heim.











# EVRÓPA UNGA FÓLKSINS

## STYRKÚTHLUTANIR

Evrópa unga fólksins er á öðru ári í Erasmus+ áætluninni sem tók við af fyrri áætlun sem starfaði frá 2007. Heildarstyrkfé til úthlutunar skiptist eins og fram kemur hér til hliðar.

Með breytingum á úthlutunarreglum í nýrri áætlun varð veruleg fækkun umsókna en fjöldinn fór úr 156 umsóknum 2013 í 52 árið 2014. Þar er helsta orsökin sú að ekki er lengur hægt að sækja um styrki til að framkvæma innlend frumkvæðisverkefni ungs fólks en langflestar umsóknir bárust í þann flokk. Þegar þetta er skrifað er nýlokið síðasta umsóknarfresti ársins og hefur 61 umsókn borist í ár. Þar af eru 15 frá samtökum utan höfuðborgarsvæðisins sem er fjölgun frá fyrra ári. Árið 2014 nam úthlutun aðeins 82% af því fjármagni sem var til úthlutunar sem þýðir að 12% eða 29.800.000 kr. þarf að skila til baka.

En sem komið er hafa félög innan ungmennafélagshreyfingarinnar lítið sem ekkert nýtt sér að sækja um styrki til EUF til að framkvæma verkefni innan sinna raða, eins og til þess að efla félagsstarfið. UÍA fór nýlega með hóp til Ungverjalands og tók þátt í ungmennaskiptaverkefni sem styrkt var þar í landi. UMFÍ hefur fengið styrki til ýmissa verkefna og var m.a. með þrjár umsóknir í síðasta umsóknarferli 2014. Ráðstefnan „Ungt fólk og lýðræði“ hefur flest árin verið styrkt af EUF, einnig fékkst styrkur fyrir ungmennaskiptaverkefni sem skipulagt var af ungmennaráði UMFÍ og þriðja verkefnið sem styrkt var, var ferð forystumanna sambandsaðila til Danmerkur s.l. vor. Ef þátttakendum í þeirri ferð hefur þótt gagn að ferðinni hvetjum við þá til þess að skoða möguleika á að efla eigið starf með samstarfi við félög í svipuðu starfi í Evrópu.



# STYRKFÉ 2014
# 248.615.250
# ÓNÝTT STYRKFÉ 2014
# 29.800.000

## Styrkfé til úthlutunar

| 2014 | 2015 | 2016 |
|---|---|---|
| € 1.657.435 | € 1.634.203 | € 1.669.159 |
| Kr. 248.615.250 | Kr. 245.130.450 | Kr. 250.373.850 |





# HREYFIVIKA

## HVER ER ÞÍN UPPÁHALDS HREYFING?

Ungmennafélag Íslands tekur þátt í samevrópskri lýðheilsuherferð sem hefur það að markmiði að kynna kosti þess að taka virkan þátt í hreyfingu og íþróttum reglulega. ISCA-samtökin (International Sport and Culture Association) halda utan um verkefnið í Evrópu. ISCA eru alþjóðleg samtök hinna ýmsu grasrótarsamtaka á sviði íþrótta, almenningsíþrótta og menningar víða í heiminum. Innan samtakanna eru 130 aðildarfélög með yfir 40 milljónir þátttakendur í 65 löndum. Ungmennafélag Íslands er aðili að samtökunum og fylgir verkefninu eftir hérlendis. Meginmarkmið allra grasrótarsamtaka ISCA er að efla samstarf ólíkra hópa með það að markmiði að auka þátttöku almennings í hreyfingu og íþróttum. Framtíðarsýn verkefnisins er að 100 milljónir Evrópubúa verði orðnir virkir í hreyfingu og íþróttum fyrir árið 2020. Á Íslandi tóku yfir 20.000 manns þátt í Hreyfiviku árið 2014 í yfir 300 viðburðum á 45 þéttbýlisstöðum víðs vegar um land. Með þessari góðu þátttöku sýndi Ísland öfluga liðsheild. Þegar þessi pistill er skrifaður stendur Hreyfivika UMFÍ yfir og nýjustu tölur benda til þess að yfir 40.000 manns taki þátt í yfir 470 viðburðum á 55 þéttbýlisstöðum á landinu. Í aðdraganda vikunnar skoraði Norðurþing á Fjallabyggð í sundkeppni og í kjölfarið var fleiri sveitarfélögum boðið að taka þátt. Úr varð að 31 sveitarfélag tekur þátt í sundkeppninni sem er að gamalli fyrirmynd. UMFÍ horfir á verkefnið sem langhlaup enda er herferðin með langtímamarkmið. Aðilar eru því hvattir til að byrja smátt og bæta við á næstu árum í stað þess að fara of bratt af stað. Einfaldir viðburðir hitta oftar en ekki í mark og litlu hlutirnir skipta máli. Að ganga með leikskólabörn á dvalarheimili í nágrenni og slá upp harmonikkuballi eru dæmi um sniðuga viðburði sem hvorki krefjast mikils undirbúnings né kostnaðar en skilja mikið eftir sig fyrir báða aldurshópa. Heilsufarsmælingar, lengdar frímínútur nemenda, opnar íþróttaæfingar fyrir foreldra, kynning á nýjum íþróttagreinum, fjallgöngur og hvað eina sem hvetur til hreyfingar og þátttöku fólks kemur til greina. Aðalatriðið er að klæðskerasníða vikuna að samfélaginu því þannig náum við saman markmiðinu um aukna hreyfingu og þátttöku fólks. Ungmennafélag Íslands fagnar öllum þeim sem áhuga hafa á að taka þátt og breiða út með okkur boðskapinn um mikilvægi hreyfingar fyrir alla.

**55 BÆJARFÉLÖG**
**470 VIÐBURÐIR**
**40.000 MANNS**




36
14
8
15
7
6

# FORVARNIR & LÝÐHEILSA

## FORVARNADAGURINN

Forvarnadagurinn 2015 var haldinn föstudaginn 2. október síðastliðinn. Dagurinn er helgaður nokkrum heillaráðum sem geta forðað börnum og unglingum frá fíkniefnum, ráðum sem eiga erindi við allar fjölskyldur í landinu. Forvarnadagurinn er haldinn að frumkvæði forseta Íslands í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, Ungmennafélag Íslands, Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Íslenskar rannsóknir sýna að þeir unglingar sem verja minnst klukkustund á dag með fjölskyldum sínum eru síður líklegir til að hefja neyslu fíkniefna. Að sama skapi sýna niðurstöður að mun ólíklegra sé að ungmenni, sem stunda íþróttir og annað skipulagt æskulýðsstarf, falli fyrir fíkniefnum.

## TÓBAKSVARNASKILTI

Tóbaksvarnaskilið „Leiktu, lifðu og vertu án tóbaks!" var endurgert og dreift í hreyfingunni. Skiltið var útbúið þannig að það geti verið utandyra jafnt sem innandyra. Skiltið hangir nú við flest íþróttamannvirki sambandsaðila. Skiltin er hægt að nálgast í Þjónustumiðstöð UMFÍ öllum að kostnaðarlausu.

## FYRIRMYNDARSKILTI

Nýtt veggspjald var útbúið og því dreift meðal sambandsaðila. Veggspjaldið var sett á álplötu, til að hægt væri að hafa það utandyra og sýnilegt sem flestum foreldrum, forráðamönnum og öðru fullorðnu fólki sem sækir íþróttaviðburði barna. Á spjaldinu stendur eftirfarandi: „Við erum öll fyrirmynd" og þar stendur einnig: „Hér eru börn að leik" – „Fullorðnir eiga að hvetja öll börn" og „Dómarar eru líka fólk". Verkefnið mæltist mjög vel fyrir enda er full þörf á vinsamlegum áminningum af þessum toga.

## UNGT FÓLK & LÝÐRÆÐI

Ungmennafélag Íslands hefur ávallt lagt áherslu á lýðræðislega þátttöku ungs fólks. Ungmennaráðstefnan „Ungt fólk og lýðræði" hefur nú unnið sér sess í stuðningi við þá þátttöku. Dagana 25.–27. mars 2015 var ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði haldin í sjötta sinn í Stykkishólmi. Yfirskrift ráðstefnunnar var; „Margur verður af aurum api – réttindi og skyldur ungs fólks á vinnumarkaði". Ungmennaráð UMFÍ fékk til liðs við sig VR-skóla lífsins en tilgangur skólans er að fræða og upplýsa ungt fólk um réttindi sín og skyldur til að styrkja stöðu þess á vinnumarkaði. Hluti af VR-skóla lífsins var vinnustofur á vegum Dale Carnegie. Að þessu sinni sóttu um áttatíu gestir ráðstefnuna, bæði ungmenni sem starfa í ungmennaráðum víðs vegar um landið og starfsmenn sem sjá um málefni ungmenna í sveitarfélögum.

Ungmennaráð UMFÍ hafði veg og vanda af ráðstefnunni sem þótti takast með miklum ágætum enda jafningjafræðsla í hávegum höfð. Næsta ungmennaráðstefna Ungt fólk og lýðræði fer fram á Selfossi dagana 16.–18. mars 2016 og einkunnarorð ráðstefnunnar verða „Niður með grímuna – Geðheilsa ungmenna á Íslandi."

## GÖNGUVERKEFNI

Ungmennafélag Íslands hefur um áraraðir staðið fyrir lýðheilsuverkefnum sem eiga það sameiginlegt að stuðla að aukinni hreyfingu og samverustundum fjölskyldna. Gönguvefurinn ganga.is er eitt þessara verkefna. Vefurinn hefur að geyma upplýsingar um fjölmargar gönguleiðir um allt land. Einnig er þar að finna ýmsa fróðleiksmola er varða hreyfingu og yfirlit yfir sundstaði, golfvelli og fjallaskála á landinu. Á síðunni gefst einstaklingum tækifæri til að skrá inn þau fjöll sem gengið er á og halda þannig utan um sína eigin hreyfingu allt árið.

Göngubókin – Göngum um Ísland er gefin út í maí ár hvert. Í bókinni er að finna upplýsingar um fjölmargar gönguleiðir víðs vegar um landið sem henta fjölskyldum. Jafnframt er að finna í bókinni ýmsan annan fróðleik um hvað þarf að hafa í huga þegar lagt er af stað í gönguferð. Göngubókinni er dreift á alla helstu ferðamannastaði, sundstaði og í íþróttahús.

Verkefnið Fjölskyldan á fjallið hefur staðið í nokkurn tíma. Í ár tóku fjórtán sambandsaðilar UMFÍ þátt. Verkefnið fer þannig fram að sambandsaðilar UMFÍ tilnefna fjöll í verkefnið ár hvert og sjá sjálfir um að auglýsa göngur á þau. Kössum er komið fyrir á tindum fjallanna með gestabókum sem þátttakendur eru hvattir til að skrifa í. Fjöll, sem eru í verkefninu hverju sinni, eru tilgreind í göngubókinni, Göngum um Ísland.









# ÖNNUR STARFSEMI

## ÆSKULÝÐSVETTVANGURINN

Ungmennafélag Íslands er eitt aðildarfélaga Æskulýðsvettvangsins (ÆV). Önnur aðildarfélög eru Bandalag íslenskra skáta, KFUM og KFUK á Íslandi og Slysavarnafélagið Landsbjörg. Markmið og tilgangur ÆV er að stuðla að samræðu og samstarfi aðildarfélaganna á sviði leiðtogaþjálfunar, fræðslumála, útbreiðslu og kynningar og á öðrum sviðum eftir því sem þurfa þykir. Jafnframt er það markmið ÆV að tryggja enn betur öryggi og velferð barna og ungmenna innan aðildarfélaga ÆV og treysta stoðir faglegs starfs. Fjölmörg verkefni og tækifæri koma í gegnum ÆV sem standa öllum sambandsaðilum UMFÍ til boða. Má þar nefna siðareglur um samskipti fyrir starfsmenn og sjálfboðaliða sem vinna með börnum og ungmennum og siðareglur um rekstur og ábyrgð fyrir þá sem sitja í stjórnum og bera ábyrgð í félögum. Aðgerðaáætlun gegn einelti og annarri óæskilegri hegðun, eineltisveggspjald og fræðsluerindi um einelti, forvarnir og úrvinnslu eineltismála. Námskeiðið Verndum þau sem fjallar um hvernig bregðast eigi við grun um ofbeldi og vanrækslu gegn börnum og ungmennum. Námskeið í notkun á handbókunum Kompási og Litla–Kompási og starfsreglur um meðferð kynferðisbrota. Að auki eru tvö ráð á vegum ÆV sem öllum sambandsaðilum UMFÍ er velkomið að leita til. Annars vegar er fagráð sem hefur það hlutverk að vinna með og leysa mál er tengjast kynferðisbrotum sem framin hafa verið í starfi aðildarfélaga ÆV. Hins vegar er ráðgjafahópur í meðferð eineltismála sem hefur það hlutverk að koma að þrálátum og erfiðum eineltismálum til stuðnings við starfsmenn og foreldra/forráðamenn.

## FELIX – FÉLAGAKERFI ÍSÍ OG UMFÍ

Felix er miðlægt tölvukerfi ÍSÍ og UMFÍ og heldur utan um íþróttaiðkendur á Íslandi. Hlutverk Felix er fyrst og fremst að halda utan um skráningar og íþróttaþátttöku landsmanna. Með einum samræmdum grunni geta allir aðilar sem koma að íþróttaiðkun í landinu nálgast sömu gögn sem tryggir að allir hafa réttar upplýsingar í höndunum. Vinna hefur verið í gangi hjá ÍSÍ og UMFÍ um tölvukerfið og hefur nefnd verið að störfum um úrbætur á kerfinu. Kerfið fá sambandsaðilar til notkunar endurgjaldslaust og nýtist það til að halda utan um daglega skráningu þátttakenda í íþróttastarfinu. Þjóðskrá kerfisins er uppfærð mánaðarlega sem auðveldar til muna allt utanumhald. Þá er hægt að halda utan um netföng einstaklinga og senda tölvupóst beint úr kerfinu. Kerfið býður upp á öfluga aðgangsstýringu sem gerir félögum kleift að aðgangstýra kerfinu. Þannig er t.d. hægt að gefa þjálfurum aðgang til að skrá og uppfæra iðkendur sína og allar breytingar sem gerast miðlægt sem tryggir að alltaf er verið að horfa á réttar upplýsingar.

## SKINFAXI

Tvö tölublöð af Skinfaxa hafa komið út á þessu ári auk tveggja blaða sem ákveðið var að gefa út í tengslum við Landsmót UMFÍ 50+ á Blönduósi og Unglingalandsmótið á Akureyri. Fyrsta tölublað ársins af Skinfaxa kom út í lok mars og annað blaðið um miðjan júlí. Vinnan við blöðin gekk vel, vandað var til efnistaka og söfnun auglýsinga gekk ágætlega. Nokkrir nýir auglýsendur komu inn og verða áfram með í næstu blöðum. Dreifing á blaðinu fór fram með sama hætti og áður. Langstærsta dreifingin fór í gegnum N1 en blaðið lá frammi á mörgum stöðvum fyrirtækisins vítt og breitt um landið. Önnur hefðbundin dreifing var til áskrifenda, héraðssambanda, félaga, skóla og fjölmiðla svo einhverjir séu nefndir. Staðið var að sama hætti að dreifingu blaðanna sem gefin voru út fyrir landsmótin. Upplag þeirra var stærra og fór í meiri dreifingu en áður hefur tíðkast og tókst vel til. Tvö síðustu tölublöð þessa árs koma út í október og desember. Í samvinnu við útgáfunefnd hafa breyttar áherslur hvað varðar efnistök og annað litið dagsins ljós. Lögð verður áhersla á að hafa blaðið líflegt og áhugavert eins og jafnan, með góðu efni úr hreyfingunni.

## FRJÁLSÍÞRÓTTASKÓLI

Frjálsíþróttaskóli UMFÍ er ætlaður ungmennum á aldrinum 11–18 ára og stendur yfir í fimm daga. Á þessu ári var skólinn fyrirhugaður á fimm stöðum á landinu: Selfossi, Borgarnesi, Sauðárkróki, Laugum í Reykjadal og á Egilsstöðum. Allir þessir staðir bjóða góða aðstöðu fyrir frjálsíþróttir og því tilvaldir til að halda svona skóla. Skólarnir voru haldnir á öllum stöðunum nema á Sauðárkróki, en engin fyrirspurn um „skólavist“ kom til skipuleggjenda þar. Það eru sambandsaðilar á því svæði sem skólinn er haldinn sem sjá um utanumhald og skipulag skólans og þeir leggja einnig til kennara og aðstoðarmenn til starfa við skólann. Boðið er upp á gistingu og fullt fæði fyrir þátttakendur skólans. Lagt er upp með að fagmenntaðir kennarar sjái um kennsluna á hverjum stað til að tryggja sem best gæði. Þátttaka að þessu sinni var mjög misjöfn eftir staðsetningu. Selfoss 60 þátttakendur, UMSB – Borgarnes 28 þátttakendur, HSÞ – Laugar 17 þátttakendur, UÍA – Egilsstaðir 14 þátttakendur. Lagt var upp með að dagskrá skólanna væri fjölbreytt og skemmtileg. Auk kennslu í frjálsíþróttum var farið í sund, leiki, óvissuferðir og haldnar voru kvöldvökur svo eitthvað sé nefnt. Skólinn er ákjósanlegur vettvangur til að kynna og breiða út frjálsíþróttir á Íslandi og hefur UMFÍ tekið að sér það hlutverk með þessum skólum að einhverju leyti.

## SÝNDU HVAÐ Í ÞÉR BÝR

Námskeiðið „Sýndu hvað í þér býr“ hefur verið vinsælt undanfarin ár. Á námskeiðinu er farið yfir ýmsa þætti er tengjast ræðumennsku, s.s. að taka til máls, framkomu, ræðuflutning, raddbeitingu, skipan ræðu o.fl. Einnig er kennt ýmislegt sem viðkemur fundasköpum, m.a. fundareglur, boðun funda, fundaskipan, dagskrá funda, umræður, meðferð tillagna, kosningar o.fl. Þátttakendur vinna jafnframt einföld verkefni og fara í ísbrjóta til að brjóta upp námskeiðið. Þátttakendur hafa almennt verið hæstánægðir með námskeiðin og segja þau hafa verið lærdómsrík og skemmtileg. Þeir eru sammála um að hafa lært að verða öruggari í framkomu og ræðuhöldum auk þess sem þeir telja gagnlegt að fá svör við mörgum þeim spurningum sem brenna á um fundarsköp. Auk þess sem þátttakendur læra ræðumennsku og fundarsköp er lögð áhersla á að þeir kynnist vel og eigi auðveldara með að mynda tengslanet með hópeflisleikjum og hópverkefnum hvers konar.



# ERLEND SAMSKIPTI

## NSU

UMFÍ á aðild að samtökum ungmennafélaga á Norðurlöndunum, „Nordisk samorganisation for ungdomsarbejde – NSU“. Á þeim vettvangi er unnið mikið af sameiginlegum verkefnum sem tengja Norðurlöndin saman. Síðastliðið sumar tóku tuttugu ungmenni þátt í tveim stórum verkefnum sem NSU stóð fyrir.

Annars vegar var ungmennavika NSU sem fór fram í Karpenhøj, skammt frá Århus, dagana 3–8 ágúst sl. UMFÍ átti upphaflega sæti fyrir fimm þátttakendur á aldrinum 15 til 20 ára. Það er skemmst frá að segja að 16 umsóknir bárust og svo fór að tólf ungmenni tóku þátt. Þátttakendur komu víðs vegar af landinu og fararstjóri í ferðinni var Hrönn Jónsdóttir, stjórnarmaður UMFÍ. Yfirskrift vikunnar var Norden redder Jorden Paly 4 the planet. Fjallað var um náttúruna, loftslag á Norðurlöndum í bland við ævintýri og leiðtogahæfileka ungs fólks. Þátttakendur fengu dýrmæta reynslu og tækifæri til að reyna sig í ýmsum aðstæðum.

Hins vegar var Leiðtogaskóli NSU sem fór að þessu sinni fram í Styrn og Vågsøy dagana 10.–16. ágúst sl. UMFÍ átti sæti fyrir fjóra þátttakendur á aldrinum 18–30 ára en þrjú ungmenni tóku þátt, einn strákur og tvær stúlkur. Yfirskrift leiðtogaskólans var Moutains & Fjords. Þátttakendur fengu tækifæri til að efla leiðtogahæfileika sína á fjölbreyttan máta. Þau fengu tækifæri til að reyna sig í ýmsum aðstæðum, s.s. á fjalli, sjó, jökli, elda mat úti náttúrunni og fleira sem tengist náttúrunni okkar.

## ISCA

UMFÍ er aðili að ISCA (International Sport and Culture Association) sem eru samtök um almenningsíþróttir og menningu hinna ýmsu landa í heiminum. UMFÍ tekur þátt í mörgum verkefnum með samtökunum á hverju ári en helsta verkefni er MOVE WEEK eða Hreyfivika UMFÍ eins og hreyfingin hefur kosið að þýða verkefnið. MOVE WEEK er hluti af stærra verkefni sem fer fram allt árið um kring og nefnist NowWeMove. Landsfulltrúi UMFÍ vinnur náið með yfir fjörutíu öðrum einstaklingum að undirbúningi MOVE WEEK allt árið um kring og sótti m.a. undirbúningsfundi í Búlgaríu í mars.

## DGI

Dagana 7.–12. maí 2015 fór hópur ungmennafélaga í heimsókn til systursamtaka UMFÍ, DGI í Danmörku. Ferðin hafði ágætan aðdraganda, en á fundi sem haldinn var fyrir framkvæmdastjóra og forystufólk sambandsaðila UMFÍ í janúar 2014 kom hugmyndin fyrst upp á yfirborðið. Ferðin tókst með miklum ágætum og hefur sannað gildi sitt hvað best eftir að þátttakendur komu heim, báru saman bækur sínar, mátu eigin verkefni í sínu félagi og sögðu samferðafólki frá upplifun ferðarinnar. Markmiðum ferðarinnar var öllum náð enda sást það vel á niðurstöðum úr hópavinnu og af matsblöðum þátttakenda. Slíkar niðurstöður gefa hreyfingunni okkar tækifæri til að gera starfið enn betra og læra af verkefnum sem þessum. Eitt af meginmarkmiðum ferðarinnar var að efla tengsl þátttakenda enda kom það á daginn að hópurinn var samheldinn og vill hag hreyfingarinnar sem mestan.

Dagana 31. júlí – 5. ágúst kom stjórn DGI frá Danmörku í heimsókn. Tilgangur ferðarinnar var að upplifa Unglingalandsmót UMFÍ. Stjórn UMFÍ tók vel á móti gestunum og kynnti þeim land og þjóð. Danirnir voru ákaflega ánægðir með móttökurnar og kynnin af Unglingalandsmótinu.

## V4SPORT

UMFÍ tekur þátt í verkefni með V4sport – almenningsíþróttasamtökum í Póllandi. V4Sport er aðili að ISCA eins og UMFÍ. Verkefnið miðar að því að kanna stöðu kvenna í stjórnun félaga í íþróttahreyfingum í Póllandi og á Íslandi. Verkefnið er rannsóknartengt og það var Svana Hrönn Jóhannsdóttir sem vann að rannsókninni hér á Íslandi sem er hluti af B.S. gráðu hennar í Íþróttafræðum við HR. UMFÍ tók á móti rannsakanda frá Póllandi á vormánuðum en fundir vegna verkefnisins munu fara fram í Póllandi í byrjun október. Nemandi í HR er um þessar mundir að vinna að sambærilegri rannsókn fyrir tilstuðlan landsfulltrúa og er rannsakanda V4sport innan handar.

## EKCYP

Dagana 25.–28. nóvember 2015 sótti landsfulltrúi UMFÍ ráðstefnu á vegum EKCYP (The European Knowledge Centre for Youth Policy) fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytisins Ráðstefnan fjallaði um rannsóknir og mikilvægi æskulýðsstarfs fyrir ungmenni í Evrópu. Ráðstefnan var mjög gagnleg og niðurstöður hennar nýtast vel í starfi með Ungmennaráði UMFÍ og þar sem UMFÍ á fulltrúa í Æskulýðsráði ríkisins.

## LÝÐHÁSKÓLAR

Skilað var inn umsókn til Nordplus vegna lýðháskólanna og samningur gerður við Højskolens hus í Kaupmannahöfn sem sér um alla lýðháskóla í Danmörku. Tveir skólar hafa heimsótt UMFÍ og haldið kynningar á skólum sínum og von er á þeim þriðja í haust.

## SNJÓBOLTINN

Snjóboltinn er verkefni sem Ungmennaráð UMFÍ tekur þátt í með hópi ungmenna frá Milton Keynes College á Bretlandi. Verkefnið er styrkt af Evrópu Unga fólksins og hefur það að markmiði að auka vídd og fjölbreytni í starfi ungmennafélaga. Verkefnið miðast að því að auka leiðtogahæfileika þeirra sem starfa í ungmennaráði UMFÍ og leita leiða til að fjölga ungu fólki í okkar röðum. Hópurinn frá UK heimsótti ungmennaráð UMFÍ í apríl sl. og í haust mun seinni hluti verkefnisins fara fram í Milton Keynes.


HAMAR
SÓLIN

# NEFNDIR

## FELIXNEFND
Einar Haraldsson, Keflavík
Birgir Ari Hilmarsson, UMSK

## FRÆÐSLUNEFND
Örn Pálsson, UMFF, formaður
Hrönn Jónsdóttir, stjórn UMFÍ
Baldur Daníelsson, varastjórn UMFÍ
Kristinn Ó. Grétuson varastjórn UMFÍ
Sigríður Ragnarsdóttir, UMFN
Fannar Karvel, UMSK

## FRÆÐSLU- OG VERKEFNASJÓÐUR UMFÍ
Helga G. Guðjónsdóttir, stjórn UMFÍ, formaður
Björg Jakobsdóttir, stjórn UMFÍ
Örn Guðnason, stjórn UMFÍ

## LAGANEFND
Helga Jóhannesdóttir, stjórn UMFÍ, formaður
Ragnheiður Högnadóttir, varastjórn UMFÍ
Stefán Bogi Stefánsson, UÍA

## LÝÐHEILSU- OG FORVARNANEFND UMFÍ
Haukur Valtýsson, stjórn UMFÍ, formaður
Kristinn Ó. Grétuson, varastjórn UMFÍ
Jóhanna Kristjánsdóttir, HSÞ
Sigríður Etna Marinósdóttir, HHF
Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir, UMFN

## MENNINGAR- OG ÚTGÁFUNEFND
Örn Guðnason, stjórn UMFÍ, formaður
Gunnar Gunnarsson, stjórn UMFÍ
Berglind Ósk Agnarsdóttir, UÍA
Pétur Arason, UÍA
Jóhanna Hreiðarsdóttir, UMFF

## NEFND LANDSMÓTS UMFÍ 50+
Einar Kristján Jónsson, formaður
Rannveig L. Gísladóttir, USAH
Lárus Æ. Guðmundsson, USAH
Pétur Pétursson, USAH
Aðalbjörg Valdimarsdóttir, USAH
Guðrún Guðbjörnsdóttir, USAH
Steindór Haraldsson, USAH
Valgarður Hilmarsson, Blönduósbæ
Magnús Guðmannsson, USAH
Flemming Jessen, FÁÍA
Hrönn Jónsdóttir, UMFÍ

## NEFND UM STARF ELDRI UNGMENNAFÉLAGA
Flemming Jessen, FÁÍA, formaður
Hjörtur Þórarinsson, HSK
Anna Bjarnadóttir, USK
Hjördís Geirsdóttir, HSK
Eygló Alexandersdóttir, Keflavík

## NSU – NORRÆNT SAMSTARF
Helga Jóhannesdóttir, stjórn UMFÍ
Jörgen Nilsson, UDN

## UMHVERFISNEFND
Margrét Björnsdóttir, UMSK, formaður
Hrönn Jónsdóttir, stjórn UMFÍ
Stefán Skafti Steinólfsson, USK
Friðrik Aspelund, UMSB
Snorri Þorsteinsson, UMSB

## UMHVERFISSJÓÐUR PÁLMA GÍSLASONAR
